

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.09.2014 2. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er skólastarfið komið í fullan gang og fer vel af stað. Nú í september munum við halda upp á 30 ára afmæli skólans og hér aftar í bréfinu má sjá dagskrána fyrir afmælishátíðina.

Í þessum mánuði eru kynningafundir fyrir foreldra og munu umsjónarkennarar senda bréf heim um dagsetningar á fundunum.

Vikuna 16.-22. september verður unnið að ytra mati á skólanum. Þá munu Hanna Hjartardóttir og Oddný Eyjólfadóttir vera í skólanum og sinna þessu verkefni. Þau atriði sem verða sérstaklega skoðuð í matinu eru nám og kennsla, stjórnun, vinnubrögð við innra mat og skólabragurinn. Við verðum að hafa það í huga að það er jákvætt að fá svona úttekt þar sem niðurstöðurnar geta hjálpað okkur að sjá það sem vel er gert og hvað mætti betur fara.

Þann 9. september verður Norræna skólahlaupið og þá verður sett af stað átakið Göngum í skólann en markmiðið með því er að hvetja börnin til að ganga í skólann. Það er bæði hollt og svo er það stór þáttur í umhverfisstefnu Síðuskóla.

Við komum til með að halda upp á Dag íslenskrar náttúru þann 16. september með ýmsum verkefnum tengdum umhverfinu. Keppnin um Náttúrufræðing Síðuskóla er einnig á þessum degi. Þar keppna nemendur um þennan titil með því að þekkja plöntur, fugla og staði/landslag á Íslandi.

Ég minni svo á að þann 17. september er aðalfundur FOKS, foreldra og kennarafélags Síðuskóla. Mikilvægt er að foreldrar mæti á þennan fund því við berum sameiginlega ábyrgð á menntun barnanna. Þátttaka foreldra er gífurlega mikilvæg til að byggja upp gott skólastarf.

Bestu kveðjur úr skólanum

Ólöf Inga

Á döfinni í september:

- | | |
|-----------------|---|
| 8. sept. | Dagur læsis og Bókasafnsdagurinn |
| 9. sept. | Kl. 10:30 Norræna skólahlaupið / Göngum í skólann hefst |
| 11. sept. | 30 ára afmæli Síðuskóla |
| 16. sept. | Dagur íslenskrar náttúru - Náttúrufræðingur Síðuskóla útnefndur |
| 22.- 24. sept. | Samræmd próf í 10. bekk: |
| - mánud. | 22.09: íslenska |
| - þriðjud. | 23. sept: enska |
| - miðvikud. | 24. sept. stærðfræði |
| 25. - 26. sept. | Samræmd próf í 4. og 7. bekk |

Miðvikudaginn

3. sept. verður kynningarfundur fyrir foreldra 1.

bekkinga frá kl.

16.00—18.00 í bekkjarstofu 43 og 44 á A— gangi.

Umsjónarkennarar hafa sent bréf til foreldra þar að lútandi.

Í tengslum við þennan fund mun Rannveig Oddsdóttir lektor við HA koma og halda fyrirlestur sem hún nefnir:

Lestrarnám í upphafi skólagöngu, sameiginleg ábyrgð heimila og skóla.

Foreldrum barna í 1.—4.

bekk er boðið að koma á fyrirlesturinn sem hefst kl. 17.15 á sal skólans og hvetjum við alla sem hafa tök á því að koma og hlusta á Rannveigu því hún hefur margt áhugavert fram að færa.

Að fyrirlestrinum loknum verða umræður.



Ástandið í hjarta hússins – bókasafninu.

Eins og þið vitið þurfti að flytja bókasafnið upp í stofu 16 í haust vegna vatnsskemmda í kjallaranum og er fyrirsjánlegt að það flyst ekki aftur niður fyrr en næsta haust. Guðrún safnvörður er bún að hreiðra um sig uppi í stofu 16 og mun án efa halda uppi eins góðri þjónustu við nemendur þar eins og hægt er við þessar aðstæður.





SÍÐUSKÓLI 30 ÁRA



Afmælisdagskrá fimmtudaginn 11. september 2014

Kl. 8:00 Nemendur mæta í skólann

Kl. 8.30 Nemendum skipt í hópa þvert á árganga og stöðvavinna hefst úti og inni

Kl. 9:45 - 10:15 Frímínútur

Kl. 10:15 –12.00 Stöðvavinna heldur áfram

Kl. 12.00-13.00 Matur/grill

Kl. 13.:00 - 15:30 HLÉ

Kl. 15.30— 16:30 Nemendur mæta til umsjónarkennara í sínar bekkjarstofur

Kl. 16. 30 – 18:00 Foreldrar og aðrir gestir velkomnir. Hátíðardagskrá hefst í íþróttahúsi sem lýkur með skruðgöngu um Síðuhverfi. Þá er öllum boðið upp á afmælistertu og fleira góðgæti. Á B – gangi skólans verða ýmsar sýningar sem nemendur og kennarar hafa undirbúið í tengslum við afmælið.



Vonumst til að sjá sem flesta til að samfagna með okkur.

Afmælistertu

Nemendur og starfsfólk Síðuskóla



Úr skólalífinu

Undirbúningur 30 ára afmælis skólans er kominn á fullt. Kennarar, nemendur og starfsfólk vinna að ýmsum verkefnum sem fjalla um Síðuskóla á einn eða annan hátt. Mikið verður um dýrðir eins og sjá má á afmælisdagskránni sem finna má hér í fréttabréfinu.

Við viljum benda á að foreldrar og aðrir gestir eru velkomnir í skólann seinni part fimmtudagsins 11. september þegar formleg hátíðardagskrá hefst.



September mánuður er tileinkaður **ábyrgð**, sem er eitt af þremur einkunnarorðum skólans. Samkvæmt sýn skólans sýnum við ábyrgð með því *að gera alltaf okkar besta og leggja okkur fram í leik og starfi*. Á þetta verður lögð áhersla í mánuðinum og nemedur læra um og vinna verkefni í anda ábyrgðar. Hjálp heimilanna er vel þegin, s.s. að mæta á réttum tíma, vera með þá hluti sem ætlast er til í skólanum og svo mætti lengi telja.

Um lestrarnám:

Nýlega gaf Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar í samstarfi við Árósaborg út fjóra bæklinga um málþroska og mál- og lesskilning barna. Þessa bæklinga er nú hægt að nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar og í haust mun koma linkur inni á heimasíðu skólans til að nálgast þá.

Þessir bæklingar eru:

☐ Málþroski – sameiginleg ábyrgð – upplýsingar fyrir foreldra barna á

aldrinum 0-3 ára.

☐ Málþroski – sameiginleg ábyrgð – upplýsingar fyrir foreldra barna á aldrinum 3-6 ára.

☐ Málskilningur - sameiginleg ábyrgð – upplýsingar fyrir foreldra yngstu grunnskólabarnanna.

☐ Mál og lesskilningur – sameiginleg ábyrgð – upplýsingar til foreldra barna á miðstigi.

<http://reykjavik.is/frettir/nyir-bæklingar-fyrir-foreldra-um-málþroska-barna-og-lesskilning>

Á vef Árósaborgar eru þessir bæklingar á fjölmörgum tungumálum.

Í bæklingunum fyrir foreldra er fjallað um leiðir til að örva málþroska og mál- og lesskilning barna frá fæðingu og til 12 ára aldurs, þ.e. þegar þau ljúka miðstigi grunnskóla.

Bæklingarnir, sem bera yfirskriftina Sameiginleg ábyrgð, miða jafnframt að því að efla foreldrasamstarf, en rannsóknir staðfesta að barn tekur meiri framförum og er líklegra til að ná betri árangri hvort heldur í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi ef gott samstarf er á milli foreldra og starfsfólks.

Málörvun og mál- og lesskilningur er sameiginleg ábyrgð foreldra og skóla og margt má gera til styðja við mál og lestur barna og ungmenna til að úr verði skemmtilegt ferðalag.

Frá hjúkrunarfræðingi:

Hjúkrunarfræðingur skólans er Alma Sif Stígsdóttir og er hún staðsett í álmu íþróttahússins. Hún verður til viðtals mánudaga, þriðjudaga,miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 8.00 —14.00.

Við bjóðum Ölmu Sif velkomna til starfa.



MATSEÐILL—SEPTEMBER 2014

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1 Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð	2 Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	3 Snitzel, kartöflur, rauðkál,grænar baunir, steiktur laukur, sulta	4 Fiskibollur, kartöflur, st.laukur, sósa, ávextir	5 Súpa, brauð, grænmeti, ávextir
8 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	9 Hakkað buff, kartöflur, lauksósa, ferskt grænmeti	10 Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, ávextir	11 Óákveðið - afmæli Síðuskóla	12 Skyr, smurt brauð, ávextir
15 Ostfylltur fiskur, kartöflur, ferskst grænmeti, sósa, ávextir	16 Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa	17 Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa ,ávextir	18 Gúllas, kartöflumús, grænar baunir sulta	19 Pasta , heitar sósur, grænmeti, brauð
22 Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, ávextir	23 Slátur, kartöflu- mús, ávextir	24 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	25 Pönnukökur m. kjúklingastrimlum, grænmetissósa	26 Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
29 Kjötfars í ofni, kart- öflur, rauðkál, sósa	30 Grilluð bleikja, kar- töflur, ferskt grænmeti ostasósa, ávextir			